



# Áttun og umferli

Á Sjónstöðinni eru starfandi umferliskennarar. Notendur Sjónstöðvar geta fengið umferliskennslu og ráðgjöf eftir þörfum.

Með umferli er lögð áhersla á stuðning til sjálfstæðis og hvatningu til virkni. Umferliskennarar annast kennslu, ráðgjöf og fræðslu um umferli og áttun. Einnig er veitt ráðgjöf um aðgengismál.

## Hvað er umferli?

Með umferli er átt við skilning einstaklings á umhverfi sínu. Lögð er áhersla á aðferðir og leiðir við að komast frá einum stað til annars innandyra sem utan. Kennileiti í umhverfinu eru mikilvæg. Þau geta verið áþreifanleg, heyrnræn eða sjónræn og auðvelda viðkomandi einstaklingi að átta sig í umhverfinu og rata frá einum stað til annars.

## Hvað felst í umferliskennslu?

- Notkun hvíta stafsins
- Notkun skynfæra
- Líkams-, rýmis- og umhverfisvitund
- Hugtakapjálfun



- Rötun og áttun
- Minnisþjálfun
- Kortalestur
- Kennileiti
- Notkun staðsetningartækja
- Leiðarlínur og áherslusvæði
- Leiðsögutækni

## **Hvernig og hvar fer umferliskennsla fram?**

Lagt er mat á þörf fyrir kennslu og þjálfun í samráði við einstaklinginn og áætlun útbúin.

Kenndar eru aðferðir og leiðir við að öðlast öryggi og traust í umhverfinu.

Lögð er áhersla á samstarf við aðra þá sem koma að þjónustu við einstaklinginn, þegar við á.

Umferliskennsla getur farið fram á heimaslóðum, í skólum, vinnustað eða þar sem einstaklingurinn hefur þörf fyrir kennslu og þjálfun.

## Aðgengi

Gott aðgengi hefur áhrif á sjálfstæði einstaklingsins við að ferðast um.

Umferliskennarar leiðbeina um aðgengismál á heimilum, skólum, vinnustöðum og annarsstaðar út frá þörfum blindra og sjónskertra einstaklinga.

## Hjálpartæki í umferliskennslu:

- Hvíti stafurinn
- Kennileiti
- Staðsetningarbúnaður
- Áttavitar
- Upphleypt kort Sjónaukar

## Hvernig er leitað til umferliskennara?

Notendur Sjónstöðvar, aðstandendur og fagaðilar geta haft samband við umferliskennara Sjónstöðvar í síma 545-5800 eða með tölvupósti á

[midstod@midstod.is](mailto:midstod@midstod.is)

*Endurskoðað í maí 2022*